


Árni Einarsson Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn:

Svartá og Suðurá í Bárðardal – Greinargerð



Svartá og Suðurá í Bárðardal eru eitt þeirra lindarkerfa sem spretta undan Ódáðahrauni, hraunflæminu mikla í norðurgosbeltinu á Íslandi. Regnvatn sem fellur þar hripar jafnóðum niður í jörðina, og sama gildir um leysingarvatn á vorin. Miklar lindir vella upp við jaðra Ódáðahrauns. Mývatn/Laxá með Kráká er stærsta lindarkerfið, svo Svartá/Suðurá, en minni lindakerfi eru að austanverðu, Grafarlönd eystri, Herðubreiðarlindir og Svartá austan við Öskju. Einnig má nefna Laufrönd.

Þessi lindarkerfi öll eru sérstök, bæði á landsvísu og heimsvísu. Þau eru sjaldgæf og óvenjuleg sem vötn, einkennast af jöfnu rennsli, eru auðug að steinefnum, hafa fágætt og oft mjög auðugt lífríki, gegna lykilhlutverki í tilveru nokkurra dýrastofna, skapa vinjar í annars gróðurlitlu landi, frjósa ekki á veturna og búa auk þess yfir óvenjulegri náttúrefegurð vegna samspils hrauns og vatns og gróðurs og legu þeirra í hálendisbrúninni. Sum þessara lindakerfa, t.d. Mývatn/Laxá, Svartá/Suðurá og Kráká, eru auk þess eftirsótt veiðisvæði fyrir silung, bleikju og urriða sem þarna myndar nokkra aðskilda stofna.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn hefur lengi fylgst með fuglalífi og öðru vatnalífi í Svartárvatni og Svartá vegna þess hve keimlíkt það er Mývatni og Laxá. Bæði vatnakerfin eru afar lífauðug og sömu dýra- og þörungategundir einkenna þau. Landslag er einnig svipað um margt. Við tölum gjarnan um Svartá sem litlu systur Laxár. Svartá einkennist meðal annars þéttum stofni straumandar og húsandar, sem báðar verpa þar. Áin er eitt af fáum vetrarathvörfum húsandar utan Mývatns og Laxár og hefur reynst sérlega mikilvæg sem athvarf þegar áta hefur brugðist í Mývatni og Laxá og hrun hefur orðið í stofninum. Húsöndin er sem kunnugt er mjög bundin Mývatni og Laxá og nálægum lindarvötnum og byggir íslenski stofninn (hinn eini í Evrópu og Asíu) alfarið á þeim. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á verndun hans.

Á dögum Laxárdeilunnar voru uppi áform um að flytja Svartá og Suðurá yfir í Kráká og þaðan í Mývatn eða Laxá. Hefði orðið af því væru öll þessi vatnakerfi ónýt til annars en raforkuframleiðslu. Þingeyingar náðu að afstýra því.